

Janúar 2021 Matseðill og ýmsir viðburðir. Regla mánaðarins: Að nota inniröddina

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
Vika 21				
28 des	29 des	30 des	31 Gamlársdagur Lokað	1 Nýársdagur Lokað
Vika 22 Tákn: Úlpa				
4 Bókavika Hakk og spaghetti, ferskt salat	5 Soðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð, smjör, gufusoðið grænmeti	6 Þrettándinn Snitzel, kartöflur, brún sósa, ferskt salat, sulta	7 Fiskibollur, kartöflur, karrýsósa, ferskt grænmeti	8 Grjónagrautur, slátur, brauð og álegg
Vika 23 Stafur vikunnar: S Tákn: Skór				
11 Appelsínugulur d. Lasagne, kartöflustappa, gulrótarsalat	12 Steiktur fiskur, kartöflur, kaldar sósur, gúrka/tómatar	13 Pizza, franskar, kaldar sósur, salat	14 Soðin bleikja, kartöflur, rúgbrauð, smjör, salatbar, kaldar sósur	15 Pylsupasta, heimabakað brauð, ferskt salat
Vika 24 Stafur vikunnar: I Tákn: Gjörrið þið svo vel				
18 Hakkabuff, kartöflur, brún sósa, sulta, brokkolí/blómkál.	19 Paprikufiskur í formi, kartöflur, salatbar	20 Leikfangadagur Steikt lambalæri, bátakartöflur, sveppasósa, rúsínusalat	21 Plokkfiskur, rúgbrauð, smjör, rôtargrænmeti	22 Bóndadagur Gömlufatadagur Mexíkósk kjúklingasúpa, snakk/ostur/sýrður rjómi, heimabakað brauð
Vika 25 Stafur vikunnar: O Tákn: Sofa				
25 Mexíkófiskur í formi, hrísgrjón, salatbar	26 Porramatur	27 Porskur undir krydduðum osta og rasphjúp, kartöflur, kaldar sósur, salat	28 Sveitabaka, melónusalat	29 Birkilundur 22 ára Makkarónugrautur, slátur, heitt brauð

Bókavika

Bókavika verður 4.-8.janúar. Hvert barn má koma með eina bók í vikunni og geyma hana í leikskólanum. Takmarkið er að eitthvað sé lesið úr öllum bókum. Munið að merkja bækurnar.

Appelsínugulur dagur

Við höfum appelsínugula litinn áberandi þennan dag. Það væri gaman ef allir kæmu í appelsínugulum fötum, eða með eitthvað appelsínugult í fötunum sínum eða hárinu.

Leikfangadagur

Börnin mega koma með eitt leikfang. Hávær leikföng og vopn eru ekki leyfileg.

Gömlufatadagur

Í tilefni af þorranum komum við í lopapeysum eða öðru sem minnir á þann fatnað sem fólk klæddist í gamla daga.

Afmæli Birkilundar 29. jan. og Dagur leikskólans 6. feb.

Á undanförunum árum höfum við haldið sameiginlega upp á afmæli Birkilundar, sem er 29. janúar, og dag leikskólans, sem er 6. febrúar. Foreldrum hefur oftast verið boðið í morgunverð í leikskólanum. Ekki gerum við ráð fyrir að í lok janúar/byrjun febrúar verði búið að gera svo miklar tilslakanir á sóttvörnum að mögulegt verði að bjóða foreldrum inn. Við eigum því eftir að taka ákvörðun um hvernig við höldum upp á þessa daga að þessu sinni.

Sóttvarnarreglur í Birkilundi frá 1.1.2021.

Eftir áramót fá foreldrar að fylgja börnum inn í leikskólann. Grímuskylda verður áfram í gildi og 2 m nálægðarmörk við aðra fullorðna. Við ætlumst til þess að foreldrar spritti sig við komu og brottför og reyni að dvelja eins stuttan tíma og mögulegt er inni í leikskólanum. Foreldrar verða að bíða fyrir utan ef aðrir eru fyrir í fataherbergi þannig að mögulegt sé að halda 2m fjarlægð. Áfram mun því reyna á þolinmæðina en ef við hjálpumst að þá komumst við í gegnum þetta eins og áður. Við reynum að láta líf og starf ganga eins eðlilega fyrir sig og mögulegt er.

Merkjum fötin

Þar sem margir hafa eflaust fengið nýja vettlinga eða önnur föt um jólin hvetjum við ykkur til þess að merkja þau áður en þau eru send í leikskólann. Munið eftir að taka vettlinga og blaut utanyfirföt með heim til að þurrka þau. Vinsamlegast athugið reglulega hvort eitthvað sem ykkur tilheyrir er í óskilatauinu.

Er barnið fært um að takast á við leikskóladaginn?

Barn sem hefur sofið illa, er með niðurgang eða aðra vanlíðan ætti að fá tíma til að jafna sig áður en það þarf að takast á við erilinn í leikskólanum. Ef foreldrum þykir ástæða til að gefa barni verkjalyf þá ætti barnið ekki að koma í leikskólann. Það þarf orku og góða líðan til að njóta leikskóladagsins.